



**Háskólasætur
Vestfirðna**
University Centre
of the Westfjords

Háskólasætur Vestfirðna

2005 – 2025





Christoph Pfülb, meistaranemi á öðru ári í Sjávarbyggðafræði hjá Háskólasetri Vestfjarða
Mynd: Haukur Sigurðsson

EFNISYFIRLIT

Ávörp

Starfsmenn

Fjarnám

Saga

Stofnaðilar
& stjórn

Vettvangsskólar, SIT
og sumarnámskeið

Meistaránámið

Nemendur

Kennarar

Lífið á Ísafirði

Vestrahúsið
& rannsóknar-
samfélagið

Rannsóknir

Framtíðarsýn



Ávarp sjórnarformanns



Í litlum bæ á norðurhvara veraldar leynist merkileg háskólastofnun sem hefur vaxið og dafnað í 20 ár. Hjartað í starfseminni eru tvær meistaranámsleiðir: Haf- og strandsvæðastjórnun og sjávarbyggðafraeði, sem sóttar eru af nemendum víða að úr heiminum. Þetta eru nemendur sem sækja í að stunda hágæða meistaranám í litlum og þéttum nemendahópi í einstöku umhverfi þar sem samfélög þurfa að læra að búa með óblíðri en gjöfulli náttúru. Gæði námsins eru mikil enda eru kennarar í mörgum tilfellum framarlega í sinni fræðigrein í heiminum.

Nemendurnir hafa mikil áhrif á samfélagið á Vestfjörðum og má segja að Ísafjörður sé orðinn háskólabær þar sem ungt og kraftmikið fólk setur mark sitt á mannlífið. Nemendur taka þátt í ýmiss konar frístundastarfi, vinna verkefni í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og mörg þeirra dvelja áfram að námi loknu og skila sér út í atvinnulífið.

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað árið 2005, en ekki var augljóst hvert ætti að stefna. Frá upphafi hefur fjarnemum á Vestfjörðum sem eru í háskólanámi verið sinnt af Háskólasetri og samstarf við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu hefur verið mikið og gott. Strax árið 2006 var meistaranámsleiðin í haf- og strandsvæðastjórnun þróuð í samvinnu við aðila á svæðinu.

Eins og gjarnan vill verða með öfluga starfsemi þá laðar hún sífellt að sér fleiri verkefni og hafa erlendir háskólar sótt í að koma með nemendahópa í vettvangsnám í samstarfi við Háskólasetur. En sá hluti starfseminnar sem hefur vaxið mest undanfarin ár eru rannsóknir á sviði bæði haf- og strandsvæðastjórnunar og sjávarbyggðafraeði.

Háskólafræinu var sáð í frjóan svörð árið 2005, eða ef til vill væri réttara að tala um fræblöndu sem sáð er yfir lengri tíma. Það hefur verið gæfa Háskólasetsurs að hafa öflugan og framsýnan forstöðumann og gott starfsfólk sem mótar skýra stefnu og vinnur eftir henni, en eru jafnframt óhrædd við að grípa ný tækifæri þegar þau gefast. Þannig hefur smám saman sprottið fallett gróðurlendi þar sem sumar tegundirnar vaxa hægt á meðan aðrar eru fljótsprottnar, en tegundirnar næra hver aðra og skýla.

Háskólasetur Vestfjarða er sjálfseignarstofnun og aðild eiga allir Háskólarnir á Íslandi, ýmsar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki á Vestfjörðum. Það eru því margir sem eiga hluta í Háskólasetri og stuðningur og velvilji samfélagsins hefur átt stóran þátt í velgengninni. Margir áttu þátt í því að koma Háskólasetri á laggirnar á sínum tíma og margir hafa aðstoðað á ýmsan hátt í öll þessi 20 ár. Vonandi verða næstu 20 ár jafn viðburðarík og gjöful.

Harpa Grímsdóttir

Stjórnarformaður Háskólasetsurs Vestfjarða





Haskóla-setur
Vestfirða
University Centre
of the Westfjords

Ávarp forstöðumanns



Háskólasetur Vestfjarða er að mörgu leyti öðruvísi en þekkt meðal háskóla á Íslandi og er það ekki sérvitrings-skapur, heldur skýrist af landfræðilegri staðsetningu og hvernig það er til komið. Háskólasetrið var stofnað í mars 2005 af heimamönnum, og mætti kannski kalla það grasrótastofnun. Vegna þessa hefur Háskólasetrið ætíð verið mjög vestfirsk stofnun. Vestfirðingar vildu fá hlutdeild í akademískri menntun og öllum þeim kostum sem slíkar stofnanir hafa í för með sér: Tækifæri til menntunar, hagræn áhrif, lýðfræðilega þróun og ímynd, en krafan um staðbundið nám á háskólastigi var skýr og ótvíræð.

Háskólasetur er því með langa og sterka hefð fyrir sumarnámskeiðum og vettvangsskólum, enda voru það allra fyrstu skrefin í átt að staðbundinni kennslu á háskólastigi, strax 2006. Kennsla yfir sumartímann hefur fylgt Háskólasetri æ síðan og er sumarið með annasamari tímum, á meðan sumir háskólar landsins skella í lás. Fyrir vikið er nýting kennslurýmis og stúdentagarða með eindæmum góð allt sumarið. Strax á fyrsta ári var þó hugað að því hvernig hægt væri að uppfylla kröfu um staðbundið nám á háskólastigi fyrir alvöru og meistaranámið fór af stað 2008. Háskólasetrið býður eingöngu upp á nám á meistarastigi, enda þarf það nám sem er í boði á Vestfjörðum alltaf að laða að nemendur utan svæðis, sem er auðveldara á meistarastigi en á bakkalárstigi.

Háskólasetur hefur meðvitað ekki viljað kenna í fjarnámi, enda markmið að fá nemendur – og kennara – á staðinn til að efla Vestfirði. Úr verður allt annað námsumhverfi, þar sem það að læra saman, af hverju öðru og í návígi við kennara, fær meira vægi en gengur og gerist í fjarnámi. Það er væntanlega þess vegna sem nemendur sækja hingað. Áhersla er lögð á tengingu náms við nærumhverfi og miðlun færni og leikni.

Háskólasetrið kennir allt í tveggja eða þriggja vikna lotum til að geta boðið nemendum upp á sérhæfða kennara sem eru sérfræðingar á sínu sviði. Það er sérlega mikilvægt þar sem námsleiðirnar báðar, Haf- og strandsvæðastjórnun annars vegar og Sjávarbyggðafraeði hins vegar, eru þverfaglegar. Háskólasetrið býður upp á þriggja anna kerfi til að gera nemendum kleift að klára allar kennslueiningar á einu ári og geta einbeitt sér að lokaverkefni á öðru ári, hvar sem er í heiminum. Þeim mun ánægjulegra er að sjá að fjöldi þeirra sem kjósa að vera á Vestfjörðum til að skrifa lokaritgerð hefur aukist ár frá ári og er nú kominn í um 50%. Alltaf eru upp undir 80 nemendur innritaðir í meistaranámið hjá Háskólasetri í gegnum samstarfssamning við Háskólann á Akureyri, og alltaf dvelja einhver 60 þeirra á Ísafirði. Við þau bætast svo um 11 nemendaígildi sumarnámskeiða, vettvangsskóla, meistaranáms SIT og verknema.

Háskólasetur Vestfjarða er ekki háskóli, eins og nafnið gefur til kynna, en starfar eins og það væri háskóli. Það er ekki fjármagnað eins og háskólarnir og er byggðaaðgerð í sjálfu sér. Stofnunin er ekki svo heppin að vera með 80% menntskælinga í túnfætinum hjá sér, hún þarf að draga fólk vestur.

Stofnun sem þessi er að mörgu leyti frábrugðin háskólastofnunum á Íslandi. Það er nauðsynlegt að hún sé öðruvísi. Hún má ekki láta setja sig í einhverja skúffu, bara að einhver fyrir sunnan eða erlendis hefði fundið út að þetta eða hitt sé nú í tísku. Háskólastofnun á Vestfjörðum er það mikil mótsögn í sjálfu sér að slík stofnun þarf að móta sinn eigin ramma, þó það sé í trássi við tískuna hverju sinni. Hún má vera nýstárleg eða gamaldags allt eftir því hvað henni hentar. Hún þarf að taka mið af landfræðilegri staðsetningu sinni og lýðfræðilegum forsendum, og eru fáar stofnanir í sömu sporum hvað það varðar. Uppskriftin er ekki til, hún þarf að skrifast á staðnum hverju sinni. Hvað sem framtíðin kann að bera í skauti sér, hvað sem stofnunin mun heita eftir 20 ár, hvaða skúffur sem kunna að bjóðast og opnast: Stjórn Háskólaseturs, stofnaðilar og starfsmenn þurfa að passa upp á að jákvæðu áhrifin hverfi ekki í skúffunni í leiðinni.

Háskólasetur er sérlega svæðisbundin og á sama tíma alþjóðlegri en flestar aðrar stofnanir á háskólastigi á Íslandi. Fyrir vikið er Háskólasetur Vestfjarða stofnun sem kemur á óvart og skapar nútímaímynd svæðis, sem hefur breyst verulega frá verbúðatímabilinu.

Peter Weiss

Forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða

LEITIN AÐ

HÁSKÓLA

12.03.2005

Stofndagur sjálfseignarstofnunar: Vestfirðingar stofna sjálfseignarstofnun til að koma á fót háskóla(setri).

2005

2006

Húsakynni í Vestrahúsi vígð í viðurvist fjögurra ráðherra.

Umsjón með fjarnámi tekin yfir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Föstudagsfyrirlestrarnir Vísindaport hefja sinn gang.

Aðild að UArctic.

2006

2007

Fyrsti sumarháskólinn.

Fyrstu erlendu vettvangsskólarnir í heimsókn.

Vestfjarðaskýrsla og niðurskurður þorskkvótans: Þrjú ný stöðugildi.

2007

2008

Frumgreinanám í samstarfi við HR, til 2015.

Fyrsta Erasmus-námskeiðið í íslensku fyrir skiptinema.

Meistaránám í Haf- og strandsvæðastjórnun.

Nemendur útskrifast frá HA.

Stækkun rýmis í Vestrahúsi. Samtals starfa þar u.þ.b.

15 stofnanir með um 50 starfsmenn.

HV hefur umsjón með húsnæðismálum til 2016.

2008

2009

Hvar er Háskóli?

Háskólinn handan við hornið.

17. júní 2010

Fyrsta Háskólahátíðin á Hrafnseyri – í viðurvist menntamálaráðherra og rektors HA. Útskriftarathöfn í bongóblíðu.

2010

2011

HV gestgjafi ráðstefnu um íslenskt þjóðfélag í fyrsta skipti. Ráðstefnur og málþing hafa verið 1-2 árlega.

2011

2012

Þróunarverkefninu „Nýtingaráætlun strandsvæða“ unnið af Fjórðungssambandi, Teiknistofunni Eik og HV lýkur með staðfestingu ráðherra. Þróunarverkefnið hefur náð að festa strandsvæðaskipulag í sessi á Íslandi.

2012

2013


Háskólasetri býðst þátttaka í UArctic recruitment-task force, enda þykir árangur Háskólaseturs í öflun námsmanna til fyrirmyndar fyrir litlar stofnanir á norðurslóðum.

2013

2014

Einstaklingsmiðað nám í Sjávartengdri nýsköpun hefst í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fullgilding skv. samningi við HA.

2014



Við heimtum Háskóla!



HÁSKÓLA SETRI



2025

Háskóla-setur Vestfjarða er stofnun sem starfar á háskólastigi, sinnir kennslu og rannsóknum og er á hverjum tíma með rúmlega 70 nemendur búsetta á Ísafirði. Það starfar náið með Háskólanum á Akureyri varðandi fullgildingu meistaranáms og eru alltaf upp undir 80 nemendur skráðir í það nám. Háskóla-setrið starfar með fjölda annarra stofnana innanlands og erlendis með það að markmiði að efla Vestfirði og vera virkur hlekkur í íslensku háskólaumhverfi.

2025

2024

Umfangsmikil vinna við stefnumótun og framtíðarsýn, enda hefur HV náð markmiðum fyrri stefnumörkunar og gott betur.

2024

Umsóknir í rannsóknasjóði ná umfangi sem hefur ekki sést áður og eru vísir að því að rannsóknarstöður muni skapast í náninni framtíð.

2023

Fagstjórar og rannsóknastjóri taka þátt í (met)fjölda ráðstefna og birtar greinar aldrei fleiri, enda þátttaka í rannsóknarverkefnum orðin verulegur þáttur starfseminnar – þótt formlega séu engin stöðugildi hjá HV skilgreind sem rannsóknarstöður.

2023

2022

2022

Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunarinnar Stúdentagarðar Háskóla-seturs Vestfjarða. Fyrstu nemendur flytja inn í nýju stúdentagarðana í september 2023, aðeins 13 mánuðum síðar.

2021

2021

Bætt innra starf í gegnum árin. Gæðahandbók og rafrænt skjalavistunarkerfi innleitt. Námsumsjónarkerfið Uglya og kennsluumsjónarkerfið Canvas tekin í notkun í samstarfi við HA.

2020

2020

Öll sumarönn færð í fjarnámsform vegna covid, en strax frá hausti 2020 var námið aftur fært í staðbundið form. HV orðið þekkt fyrir staðbundið nám enda markmið að fá fólk vestur.

2019

2019

Námsleið í Sjávarbyggðafraeði hefst, hliðstæð meistaranámi í Haf- og strandsvæðastjórnun.

Rannsóknarverkefni, styrkumsóknir og styrkveitingar til starfsmanna og nemenda sem og birtingar ritgerða taka kipp og reynast rannsóknir á komandi árum mesti vaxtarsproti innan HV.

2018

2018

SIT meistaranám í Climate Change and Global Sustainability hefst. Haustönnin kennd hjá HV.

2017

2016

Misserisnám SIT samstarfsskóla í Vermont hefst. Námsmenn dvelja eina önn í senn haust og vor á Íslandi, aðallega á Vestfjörðum.

2016

2015

2015

Fyrsti verkneminn frá sjávarverkfræðideild Háskólans í Toulon hjá HV í fjóra mánuði. Fjöldinn hefur vaxið ár frá ári.

Stjórn Háskóla­seturs Vestfjarða 2005-2025

Tilnefnd af Ísafjarðarbæ

Halldór Halldórsson 2005-2015 (stjórnarformaður 2005-2015)

Til vara: Lárus Valdimarsson 2005-2009 og Rannveig B Þorvaldsdóttir 2009-2015

Harpa Grímsdóttir 2015- (stjórnarformaður 2016-2021 og 2023-)

Til vara: Halldór Halldórsson

Tilnefnd af rannsóknarstofnunum

Jóhann Sigurjónsson 2005-2013

Til vara: Magnús Jónsson 2005-2009 og Árni Snorrason 2009-2013

Árni Snorrason 2013-2021

Til vara: Jóhann Sigurjónsson 2013-2017, María Ásdís Stefánsdóttir 2017-2019 og

Hjalti Karlsson 2019-2021

Þorsteinn Sigurðsson 2021-

Til vara: Oddur M Gunnarsson

Tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigs

Hjálmar H Ragnarsson 2005-2007

Til vara: Þorsteinn Gunnarsson

Þorsteinn Gunnarsson 2007-2009

Til vara: Hjálmar H Ragnarsson

Skúli Skúlason 2009-2013

Til vara: Hjálmar H Ragnarsson

Stefán B Sigurðsson 2013-2023 (stjórnarformaður 2015-2016)

Til vara: Erla B Örnólfsdóttir

Martha Lilja M Olsen 2023-2025

Til vara: Hólmfríður Sveinsdóttir

Tilnefnd af aðilum vinnumarkaðarins

Kristján G Jóakimsson 2005-2019

Til vara: Laufey Jónsdóttir 2005-2007, Helgi Ólafsson 2007-2015, Ólafur

Baldursson 2015-2019

Elías Jónatansson 2019- (stjórnarformaður 2021-2023)

Til vara: Bergvin Eyþórsson

Kosin af aðalfundi

Soffía Vagnsdóttir 2005-2009

Til vara: Guðrún Stella Gissurardóttir

Jóna Finnsdóttir 2009-2015

Til vara: Guðrún Stella Gissurardóttir

Elísabet Gunnarsdóttir 2015-

Til vara: Kristinn Hermannsson



Stofnaðilar Háskóla­seturs Vestfjarða

Háskóli Íslands · Háskólinn í Reykjavík · Háskólinn á Akureyri · Háskólinn á Bifröst · Landbúnaðarháskóli Íslands · Háskólinn á Hólum · Listaháskóli Íslands · Hafrannsóknastofnun · Matís · Veðurstofa Íslands · Náttúrustofa Vestfjarða · Ísafjarðarbær · Bolungarvíkurkaupstaður · Vesturbyggð · Fjórðungssamband Vestfirðinga · Sýslumaðurinn á Vestfjörðum · Heilbrigðisstofnun Vestfjarða · Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða/Vestfjarðastofa · Fræðslumiðstöð Vestfjarða · Tónlistarskóli Ísafjarðar · Hrafnseyrarnefnd · Velferðarráðuneytið fyrir hönd Fjölmenningsarseturs · Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. · Þóroddur ehf./Oddi hf. · Arctic Fish · Arnarlax · Kerecis · Þörungaverksmiðjan · Snerpa ehf. · Fjarðanet ehf · Vestri ehf · Vífilfell hf. · Skógur ehf. · Ísfang hf. · Land og Skógur (Skjólaskógar á Vestfjörðum) · Skurðlæknirinn ehf. · Agar ehf · Atkonur · Kol og Salt · Steig ehf. f.h. Bæjarins Besta

Starfsmenn 2005-2025

Peter Weiss	100%	Forstöðumaður	01.08.05-
Haraldur Kristinsson	100%	Vef-/tæknistjóri	01.10.05-30.09.07
Martha Lilja Marthensdóttir Olsen	100%	Kennslustjóri	01.01.06-31.08.11
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir	100%	Verkefnastjóri	01.12.06-31.12.07
Sigurður Arnfjörð Helgason	100%	Verkefnastjóri	01.09.07-30.11.09
Ingi Björn Guðnason	100%	Markaðs- og vefstjóri	01.10.07-31.08.22
Sigríður G Ólafsdóttir	100%	Fagstjóri	01.01.08-31.12.09
Pernilla Rein	40-100%	Verkefnastjóri	01.05.08-31.10.21
Jóhanna Sigurðardóttir	50%	Móttökuritari	01.01.08-31.08.09
Guðrún Sigríður Matthíasdóttir	100%	Þjónustustjóri (áður í gegnum Þróunarsetur V.)	01.11.08-
Margrét J Birkisdóttir	45%	Bókhald (síðar í gegnum Vestfjarðastofu)	01.11.08-31.12.13
Urszula Barela	100%	Ræstingar	01.07.09-31.12.13
Árný Rós Gísladóttir	50%	Móttökuritari	24.09.09-31.08.10
Heiðrún Tryggvadóttir	50%	Verkefnastjóri	01.01.10-31.10.11
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	100%	Verkefnastjóri (áður: 01.04.08-31.05.08)	01.01.10-30.06.14
Dagný Arnarsdóttir	100%	Fagstjóri	01.01.10-31.08.16
Lína Beck Þorvaldsdóttir	50%	Móttökuritari	01.09.10-15.12.11
Þórdís Lilja Jensdóttir	50%	Móttökuritari	01.01.12-31.12.22
Kristín Ósk Jónasdóttir	100%	Kennslustjóri	20.09.11-31.12.18
Birna Lárusdóttir	25%	Verkefnastjóri	01.11.14-31.12.17
Catherine Chambers	100%	Fagstjóri (síðar rannsóknastjóri)	01.09.16-31.07.20
Astrid Fehling	25%-75%	Verkefnastjóri (síðar kennslustjóri)	01.01.18-31.07.20
Sigurður Halldór Árnason	50%	Verkefnastjóri	01.10.18-07.10.19
Margrét Björk Arnardóttir	100%	Kennslustjóri	01.01.18-31.07.20
Matthías Kokorsch	100%	Fagstjóri	15.08.19-
Catherine Chambers	20%	Rannsóknastjóri	01.06.20-
Astrid Fehling	100%	Kennslustjóri	01.08.20-
Veronica Méndez Aragón	100%	Fagstjóri	01.10.20-31.08.22
Sigprúður Margrét Gunnsteinsdóttir	50%	Verkefnastjóri	01.01.22-31.08.23
Ólafur Guðsteinn Kristjánsson	20%	Sumarnámskeið	01.01.22-31.12.24
Hanna Lára Jóhannsdóttir	50-100%	Markaðs- og vefstjóri	15.08.22-
Ingibjörg Rósa Björnsdóttir	50%	Markaðs- og vefstjóri	15.08.22-31.08.23
Brack Hale	100%	Fagstjóri	01.01.23-
Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir	50%	Verkefnastjóri	01.09.23-31.07.24
Ester Sturludóttir	50%-75%	Móttökuritari (síðar verkefnastjóri)	01.01.23-31.08.24
Ester Sturludóttir	75%	Verkefnastjóri	01.09.24-
Hjördís Þráinsdóttir	50%	Verkefnastjóri	01.11.24-



Starfsfólkið



Dr. Brack Hale kom til Háskólaseturs Vestfjarða árið 2023 og er fagstjóri meistaranáms í haf-

og strandsvæðastjórnun. Sem fagstjóri eru hans helstu verkefni að hafa umsjón með meistaranáminu, veita nemendum ráðgjöf og samræma starfið með kennurum. Brack er með doktorsgráðu í landauðlindum frá University of Wisconsin-Madison og stundaði rannsóknir við Nicholas School of the Environment í Duke Háskóla. Hann starfaði við Franklin háskóla í Sviss frá árinu 2006-2022 og lauk þar störfum sem prófessor í umhverfisfræði og starfandi deildarforseti.

Brack finnst skemmtilegast af öllu að fara á skíði, í gönguferðir og að skoða plöntur. Ef þið eigið leið um Háskólasetur og þurfið að finna Brack, þá er hann þessi sem er alltafbrosandi.



Úrvalsliðið, eins og við viljum kalla þau, eru ca. 4-5 stöðugildi á hverjum tíma. Þau sinna rannsóknum,

kennslu og störfum fyrir stofnanir eins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, HA, SIT-Háskóla í Vermont, LBHÍ eða eru t.d. Fulbright styrkþegar. Þau eiga það sameiginlegt að geta verið hvar sem er í heiminum en kjósa að vera hér á Vestfjörðum. Ef ekki væri fyrir Háskólasetur, væru þau einfaldlega ekki hér. Þau eru með ólíka menntun og reynslu en þar sem Háskólasetrið leiðir þau saman hér á hjara veraldar, þá fást flest þeirra við haf- eða umhverfistengd málefni. Einnig eru Norðurslóðarannsóknir, byggðarannsóknir, eða kennsla á sviði loftslagsmála nokkuð áberandi hjá þessum breytilega hóp.

Það er ótrúlegt að hér skulu þau geta hitt fullt af kollegum sem deila þeirra áhugamálum, jafnvel vinnuveitendur þeirra verða að viðurkenna að þetta er heppileg staðsetning fyrir þau.



Dr. Peter Weiss er forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða og hefur verið frá stofnun þess.

Hans helstu verkefni eru, að eigin sögn, allt og ekki neitt. Hann fylgist með öllum málum Háskólaseturs, er tengiliður við stjórn, stofnaðila og ráðuneyti. Hann sér um sumarnámskeið og vettvangsskóla, og er í meistaranámsnefnd. Peter er með meistaraþróf og doktorsþróf á sviði málvísinda. Hann starfaði sem kennari í norrænum fræðum við háskólann í Greifswald/Vorpommen til ársins 1997 og sem sendikennari í þýsku við HÍ frá 1997-2002, og stundakennari þar til ársins 2005. Hann var forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ frá 2002-2003 og forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Goethe Zentrums Reykjavík 2003-2005.

Þó Peter þyki sérstaklega gaman að keyra út af að vetrarlagi, býður hann ávallt óþreyjufullur eftir vori. Enda er hann sannur sólarfíkill, mesti sítrónubóndi Vestfjarða og vill aldrei draga fyrir.



Hanna Lára Jóhannsdóttir tók fyrst til starfa hjá Háskólasetri Vestfjarða árið 2022 í

50% starfi sem markaðs- og vefstjóri. Ári síðar færði hún sig í 100% stöðu og sér hún um allt sem varðar auglýsingamál, hönnun á kynningar-efni, samfélagsmiðla og vefsíðu. Starf Hönnu Láru er afar fjölbreytt og spannar allt frá samskiptum við námsmiðlunarstofur og að „pósta“ á TikTok. Hanna Lára er með Bs. í sálfræði og Ms. í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum.

Á sumrin hjólar Hanna um á appelsínugulum racer og á veturna rennir hún sér í púðrinu á bretti. Milli þess er hún á kajak, gerir bolla úr keramik eða teiknar. Hanna á um það bil 100 plöntur heima hjá sér og er mjög gjörn á að týna lyklum. Þetta tvennt er þó alveg ótengt.



Astrid Fehling kom fyrst til Háskólaseturs árið 2010 sem skiptinemi.

Hún skrifaði lokaritgerð sína á Vestfjörðum og lauk M.Sc. prófi í umhverfisstjórnun við Christian-Albrechts-háskóla í Kíl í Þýskalandi. Astrid tók við stöðu kennslustjóra í ágúst 2020. Kennslustjóri heldur utan um allt nemendabókhald frá umsókn til útskriftar og er í reglulegu samstarfi við HA. Hún hefur jafnframt umsjón með öllu sem viðkemur þjónustu við kennara, leiðbeinendur og prófdómara. Astrid hefur unnið fjölda verkefna á Vestfjörðum í gegnum tíðina, m.a. fyrir Náttúrustofu Vestfjarða og School for International Training. Auk þess hefur hún verið þýskukennari, þýðandi, safnvörður og kindaljósmóðir.

Astrid finnst best að fara í langa göngutúra með hundinum sínum, elskar bækur og góðan mat og getur alveg gleymt sér yfir þjónaverkefnum.



Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, betur þekkt undir nafninu Gunna

Sigga eða jafnvel „mamma“ nemenda. Gunna Sigga hefur starfað fyrir Háskólasetur frá stofnun þess, en áður starfaði hún hjá Þróunarsetri Vestfjarða. Hún var um árabil móttökuritari hjá Háskólasetri og fleiri stofnunum í Vestrahúsi en hefur nú tekið við stöðu þjónustustjóra. Sem þjónustustjóri sinnir hún sérhæfðum verkefnum, t.d. ferðabókunum, húsnæðismálum fyrir stúdentagarða, kolefnisbókhaldi og er tengiliður Háskólaseturs við gestafjölskyldur SIT-nema. Einnig er leitað til hennar fyrst þegar tæknin virkar ekki sem skyldi.

Helstu áhugamál Gunnu Siggu eru heitar náttúruleugar, matreiðsla og ferðalög. Hún er eini starfsmaður Háskólaseturs með vörubíla- og rútupróf og hún er einnig með leiðsögumannapróf fyrir Vestfirði og Dali.



Stundakennarar

eru u.þ.b. 3,5 stöðu-
gildi sem dreifast á
ca. 50 manns árlega
þeir kenna ótrú-

legustu fög eins og náttúruvá, loft-
slagsbreytingar, gagnagreiningu, o.fl.
Þó stundakennarar hafa ekki orlofs-
réttindi kenna þeir allt um ferðamál.
Ekkert er þeim óviðkomandi – nefndu
það, þeir kenna það. Þeir vita allt um
LUK (e. GIS) og ef þú veist ekki hvað
það er, geturðu sótt um að koma í
staka lotu. Menntun þeirra og fyrri
störf eru jafn mismunandi og þeir eru
margir, enda orðnir 150 talsins. Þeir
eru samt aldrei allir á staðnum á
sama tíma, enda burðarþol
Háskólaseturs ekki gert fyrir svona
mikið vit! Alflestir þeirra eru með
doktorsgráðu og starfa við háskóla.
Þeir 25 þeirra sem hafa kennt mest,
hafa kennt um 65% alls
kennslumagns.

*Þeir eru endalaus uppspretta skemmti-
legra staðreynda en þar sem þeir eru
virtir háskólakennarar upp til hópa skal
um það ekkert meira sagt.*



Ester Sturludóttir

tók við 50% stöðu
verkefnastjóra árið
2024 en var áður
móttökuritari hjá

Háskólasetri. Auk þess er hún í 25%
stöðu á skrifstofu Stúdentagarða
Háskólaseturs Vestfjarða. Hún hefur
umsjón með Vísindaporti, skipu-
leggur vettvangsferðir og ráðstefnur,
hefur umsjón með Þróunarsjóði
innflytjendamála og ýmsu öðru
tilfallandi, eins og verkefnastjóra er
siður. Ester er viðskiptafræð-
menntuð og starfaði áður hjá
Íslandsbanka um árabíl. Hún er
einnig einkaþjálfari og hefur unnið
við það samhliða öðrum störfum.

*Fjölskyldan, hundurinn og vinirnir eru í
mestu uppáhaldi hjá Ester. Hún hefur
brennandi áhuga á líkamsrækt og lyftir
þyngri lóðum en allt samstarfsfólk sitt.
Henni finnst svo fátt betra en að hendast
upp á fjall á snjósleða þegar sólin fer að
láta sjá sig.*



Hjördís

Bráinsdóttir er
nýjasti starfsmaður
Háskólaseturs og
tók við 50% stöðu

verkefnastjóra árið 2024. Áður
starfaði Hjördís sem skjalastjóri
Ísafjarðarbæjar. Helstu verkefni
Hjördísar eru skjalamál, persónu-
verndarmál og umsjón með bóka-
safni og fjarprófum. Það má segja að
Hjördísi þyki gaman að vinna við það
sem öllum hinum finnst leiðinlegt.
Að auki kemur hún að skipulagi
vettvangsferða og ráðstefna,
skipulagi íslenskunámskeiða, yfir-
lestri útgefins efnis o.fl. tilfallandi.
Hjördís er með BA gráðu í sálfræði frá
HA og er um þessar mundir að vinna
að M.Ed. gráðu í menntunarfræði.

*Hjördís er með háskólapróf í hávaða
(framhaldspróf í einsöng frá TÍ) og notar
það óspart. Hjördís er einnig í tveimur
kórnum og tveimur hljómsveitum og er
glataður píanóleikari.*



Dr. Matthias

Kokorsch hefur
verið fagstjóri
Sjávarbygðafraeði
frá 2019. Skemmti-

legast finnst honum að fá nemendur
til að taka þátt í spennandi rann-
sóknarverkefnum. Fyrst vildi
Matthias verða kennari og hann
lærði kennslufræði, landafræði og
félagsfræði. Eftir fyrstu kynni við
Ísland á námsárum sínum hefur
Matthias reynst afar erfitt að hætta
að flytja hingað. Hann lauk doktors-
prófi í landfræði við HÍ þar sem hann
rannsakaði samfélagsleg áhrif kvóta-
kerfisins og í þriðju flutningum
sínum til Íslands endaði hann hjá
okkur í Háskólasetri.

*Markmið Matthiasar í lífinu er að sjá
fótboltaleik í öllum Evrópulöndum og
öllum heimsálfum. Hann hefur nú þegar
séð leiki í 26 löndum og 2025 bætast
fjögur í safnið. Matthias er líklega eini
kennarinn sem hefur kennt með
glóðarauga, eftir að hann fékk þá
snilldarhugmynd að gerast aftur
handboltamarkvörður.*



**Dr. Catherine
Chambers** kom
fyrst til Háskóla-
seturs árið 2016

sem fagstjóri haf-
og strandsvæðastjórnunar. Nú starfar
hún sem rannsóknarstjóri í 20%
stöðu. Þó staðan sé hlutastarf, endur-
speglar hún vaxandi mikilvægi
rannsókna við Háskólasetrið. Rann-
sóknarstjóri heldur utan um fjölda
rannsóknarverkefna, liðsinnir nem-
endum og eflir rannsóknasamfélagið
á Vestfjörðum. Catherine er með
doktorsgráðu í sjávarútvegsfræði frá
University of Alaska, Fairbanks,
meistaragráðu í dýrafræði frá
Southern Illinois University og
bakkalárgráðu í umhverfisvísindum
frá Drake University. Auk þess að
starfa hjá Háskólasetri er hún
deildarstjóri hjá Stofnun Vilhjalms
Stefánssonar.

*Áhugamál Catherine eru margvísleg, t.d.
sjósund, sauna, spænskar ommilettur og
rekstur hversdagssafns á skrifstofunni
sinni. Catherine er líka með pungapróf.*



Útvistaða liðið er
um 3 stöðugildi.
Þau sinna til
dæmis ræstingum í
Vestrahúsi, tækni-

málum, endurskoðun, prófyfirsetu
o.fl. sem annað starfsfólk Háskóla-
seturs hefur ekki vit á. Oft sinna þau
þessum verkefnum fyrir fleiri en eina
stofnun. Þau eru ekki á launaskrá,
sannkallað huldufólk, en samt er allt
stopp ef þau mæta ekki! Eðlilega er
menntun þeirra mjög mismunandi,
fer allt eftir sérhæfingu, en þau hafa
kunnáttu og reynslu sem er órjúfan-
legur hluti af starfsemi Háskóla-
seturs. Sumum af verkefnum þeirra
hefur áður verið sinnt af fólki á
launaskrá og því er erfitt að taka
saman fjölda þeirra í gegnum árin.

*Hér í Vestrahúsi gengur allt snurðulaust
fyrir sig, jafnvel án sýnilegrar stjórnunar
eða húsfunda, en í raun eru það þau,
útvistaða liðið, sem heldur þessu öllu
gangandi!*

Sumarnámskeið & vettvangsskólar

Þó kjarnastarfsemi Háskólaseturs snúist mikið um meistaranámsleiðirnar tvær, mörkuðu sumarnámskeið og vettvangsskólar upphaf starfsemi Háskólaseturs strax árið 2006 og hafa fylgt því síðan.

Sumarnámskeið í íslensku

Sumarnámskeið hafa fylgt Háskólasetri frá upphafi. Þegar meistaranámið hóf göngu sína 2008 með fullt af áhugaverðum lotum og sumarönn í boði hvert sumar, var hætt við að bjóða upp á sérhæfð sumarnámskeið. Enda eru meistaranámsloturnar eins og sumarnámskeið í sjálfu sér, og erfitt að auglýsa stök ótengd námskeið sem ná til sérhæfðs markhóps. Það sem hefur þó haldist í gegnum árin eru sumarnámskeið í íslensku fyrir skiptinema sem koma til Íslands. Vegna breytinga í Erasmus-kerfinu hefur þátttakendum fækkað úr um 150 árið 2013 í um 60-70 árlega, en sá fjöldi hefur þó haldist stöðugur. Námskeiðin eru opin öðrum þátttakendum og hafa skapað sér gott orðspor og þá sérstaklega framhaldsnámskeiðin á stigi B1 og B2, sem eru ekki oft í boði á Íslandi. Háskólasetrið einbeitt sér að nemendum sem kjósa frekar hraða framvindu og gerir kröfur sem vænta má af stofnun sem starfar á háskólastigi.

Vettvangsskólar

Árið 2006 var haldinn fyrsti sumarháskólinn á Hrafnseyri og sama ár var Háskólasetrið komið í samband við SIT-Háskólann í Vermont, en fyrstu nemendur þaðan dvöldu hjá Háskólasetri sumarið 2007 og hafa gert árlega síðan. Árið 2016 bættist við misserisnám þar sem nemendur dvelja haust og vor á Ísafirði. Skemmtilegt er frá því að segja að fyrsti hópurinn hittist 2017 á endurfundum/reunion á Ísafirði að eigin frumkvæði og fagstjóri fyrsta hópsins hefur komið að kennslu hjá Háskólasetri síðar og heimsótti Háskólasetrið sumarið 2024. Hópurinn skiptist á netpóstum á áramótum og er gaman að lesa nú tæplega tuttugu árum síðar hvaða áhrif dvölin á Ísafirði hafði á þessa nemendur.

Dvöl nemenda í vettvangsskóla er þeim oft upplifun sem breytir heimssýn þeirra og er til þess fallin að móta lífsviðhorf sem haldast lengi, jafnvel út lífið. Ætla má að í gegnum árin hafi komið yfir þúsund manns með vettvangsskólum til Háskólaseturs og mörg þeirra eru orðin dyggir sendiherrar Vestfjarða og Íslands úti í heimi.

Á komandi ári er von á nýjum samstarfsskóla, FOM Essen, og er búið að ráða kennara á Vestfjörðum til kennslu. Vettvangsskólar hafa þörf fyrir ýmsa þjónustu og greiða fyrir húsnæði og umsjón, kennslu og gistingu, en líka fyrir margvíslega afþreyingu.



Gefum íslensku séns

Umsjónarmaður sumarnámskeiða í íslensku hefur síðustu ár verið Ólafur Guðsteinn Kristjánsson. Hann tók hugmyndafræði sumarnámskeiða töluvert lengra. Ætíð hafði verið farið markvisst út úr kennslustofunni og allur bærinn nýttur sem stór útikennslustofa. Bæjarbúar voru minntir reglulega á að þátttakendur væru ekki komnir til að læra ensku heldur íslensku, en Óli gekk lengra, hamraði þetta járn verulega og úr varð átak sem hlaut á endanum heitið Gefum íslensku séns. Þetta átak stefnir að hugarfarsbreytingu hjá málhöfum íslenskunnar og minnir fólk á að nota íslensku þegar hægt er. Nemendur hjá Háskólasetri hafa ítrekað sagt að þeim hafi fundist eins og á Ísafirði væri eðlilegra að tala íslensku, þó ófullkomin væri, og íbúar meira vanir að svara á – einfaldri – íslensku en fyrir sunnan. Þó ekki liggi fyrir vísindaleg úttekt á þessu er gaman að ímynda sér að nær tuttugu ára reynsla af fólki sem lærir íslensku hratt og vill nota hana úti í samfélaginu hafi gert marga Ísafirðinga að almannakennurum. Eitt af grunnhugtökum átaksins Gefum íslensku séns er einmitt almannakennari: Eins og við öll vorum almannavarnir á tímum covid og bárum ábyrgð á að íslenska heilbrigðiskerfið legðist ekki á hliðina, erum við líka öll almannakennarar og berum ábyrgð á að íslenska tungumálið leggjist ekki af. Frá hausti 2024 hefur verkefnið fengið styrk og utanumhaldið verið skýrt betur og færst í góðu samkomulagi undir hatt Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Fjarnám og fræðslumiðstöð

Fræðslumiðstöð

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er í sömu byggingu og Háskólasetrið, reyndar ásamt mörgum öðrum stofnunum sem eru með aðstöðu í Vestrahúsi á Ísafirði. Innangengt er um allt húsið og samgangur milli stofnana mikill. Fræðslumiðstöð og Háskólasetrið eru einu kennslustofnanirnar í húsinu og eðlilegt að milli þeirra skuli eiga sér stað samráð og samstarf. Það er til dæmis mjög þægilegt og sparar bæði fé og umstang að geta dekkað álagstoppa með kennslustofum hinnar stofnunarinnar í stað þess að þurfa að fara út í bæ með kennslu. Það hefur t.d. sýnt sig á tímum covid þegar kennslan var hólfuð niður og svo hefur það komið að góðum notum síðasta árið, á meðan viðgerðir voru í gangi í húsinu og kennslustofur tímabundið ekki nothæfar. Þar sem Háskólasetur kennir bæði þriggja anna kerfi með haust- vor- og sumarönn fyrir meistaranema sem og fjölda sumarnámskeiða er eiginlega enginn tími án kennslu. Ekki hefði verið hægt að halda kennslunni uppi sumarið 2024 án þess að geta haft aðgang að kennslustofum Fræðslumiðstöðvar.

Umsjón með fjarnámi

Haustið 2005 var strax ákveðið að Háskólasetur Vestfjarða gæti best þjónað Vestfirðingum sem vilja mennta sig með því að bjóða góða þjónustu til fjarnáms, þrátt fyrir skýra kröfu um staðbundið nám á háskólastigi. Frá upphafi var samstarf við Fræðslumiðstöð um prófyfirsetu, enda var það Fræðslumiðstöð sem hafði haft umsjón með uppbyggingu fjarnáms á Vestfjörðum á árunum 1998-2005. Fræðslumiðstöð er einnig með starfsfólk á sunnanverðum Vestfjörðum og á tímabili á Hólmavík, og þar sem Háskólasetrið hefur umsjón með fjarnámi á öllum Vestfjörðum síðan 2005, var snemma gerður samningur við Fræðslumiðstöð um prófyfirsetu á Hólmavík og Patreksfirði. Á síðustu árum hefur þessi samningur jafnframt náð til hluta af prófyfirsetu á Ísafirði, sem Háskólasetur kaupir af Fræðslumiðstöð. Fjöldi prófa eru um 350 á ári, langflest frá HA. Ánægjulegt er að sjá að próf sem tekin eru á sunnanverðum Vestfjörðum og á Hólmavík eru um 30% allra prófa, sem samsvarar um það bil hlutfalli íbúa á þessum svæðum.

Verknemar

Síðan 2015 hafa komið til Háskólaseturs verknemar frá Sjávarverkfræðideild Háskólans í Toulon/Frakklandi. Frá byrjun hefur Björn Erlingsson, þá starfandi hjá Veðurstofu, leiðbeint þeim. Þessir verknemar bæta flóru meistaranema sem fyrir eru, enda sjávarverkfræði vissulega einn angi í meistaranámi hjá Háskólasetri, þó ekki mjög áberandi. Fjöldi verknema frá SeaTech Toulon hefur vaxið síðustu ár og kom metfjöldi í fyrra, 13 manns í fjóra mánuði sem samsvarar 4,5 heilsársnemendaígildum. Þegar spurt er hve margir nemendur séu hjá Háskólasetri er nefnilega oft gleymt að telja verknema og þátttakendur í vettvangsskólum með.

Meistaranám SIT í Climate Change and Global Sustainability

SIT háskólinn í Vermont hefur verið samstarfsháskóli Háskólaseturs síðan 2006. Lengst af hefur SIT eingöngu boðið upp á bakkalárnám, en 2018 var farið af stað með fyrstu meistaranámsleiðina — í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Þessi námsleið snertir á mörgum af sömu viðfangsefnum og meistaranámið í Haf- og strandsvæðastjórnun og meistaranámið í Byggðafræði. Þar af leiðandi er mikil samlegð milli námsleiðanna.

Meistaránámið

Meistaránámsleiðir Háskólaseturs Vestfjarða hafa þróast á síðustu 20 árum og bjóða nemendum upp á þverfaglega nálgun á strandrannsóknir. Í dag eru í boði tvær mismunandi gráður: (MA) í Sjávarbyggðaðfræði (CRD) og (MRM) í Haf- og strandsvæðastjórnun (CMM). Báðar námsleiðir eru 120 ECTS og skiptast yfir tvö akademísk ár. Fyrsta árið felur í sér námskeið þar sem nemendur þurfa að ljúka 75 ECTS í gegnum stutt og þétt námskeiðstímabil frá ágúst til júní. Annað árið er tileinkað meistararitgerðinni, sem vegur 45 ECTS og myndar rúmlega þriðjung af heildarnámsálagi. Nemendur vinna með leiðbeinendum að eigin vali og hafa sveigjanleika til að framkvæma rannsóknir sínar á Vestfjörðum, í heimalandi sínu eða á öðrum stöðum sem vekja áhuga þeirra.

Háskólasetur Vestfjarða býður upp á um 40 námskeið á ári í formi tveggja til þriggja vikna lotunámskeiða, kennd af innlendum og erlendum sérfræðingum. Meðalfjöldi nemenda í hverju námskeiði við Háskólasetur Vestfjarða hefur verið um 14 nemendur í hverri lotu eða á hvern kennara. Hvor námskeið samanstendur af níu skyldunámskeiðum sem samanlagt eru 35 ECTS, að mestu leyti tekin á haustmisseri. Hinar 40 ECTS eru valnámskeið sem nemendur geta tekið við Háskólasetur Vestfjarða, í samstarfsháskólum á Íslandi eða erlendis, til dæmis í gegnum Erasmus skiptinám. Valnámskeiðin veita nemendum tækifæri til að sérsníða námið að eigin áhugasviðum. Nemendur geta einnig fengið allt að 6 ECTS fyrir viðeigandi starfsnám. Á síðustu árum hefur Háskólasetur Vestfjarða einnig unnið með innlendum og alþjóðlegum samstarfsaðilum að því að bjóða upp á vettvangsnámskeið, svo sem CRD sumarskóla, samstarf við nokkra norræna og baltneska háskóla um byggðaðþróun, og námskeið um sjávarspendýr í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennarar

Kennslumódel Háskólaseturs Vestfjarða er einstakt og byggir að mestu á gestakennurum. Síðustu 20 ár hefur þetta gert Háskólasetri kleift að fá til sín mjög sérhæfða kennara, og á sama tíma haft sveigjanlega og þverfaglega námskrá. Þverfaglegt og hagnýtt eðli námskeiðanna kallar á jafnvægi milli akademískra fræðimanna og fagfólks í ýmsum greinum. Þetta er einnig mikilvægt vegna þess að sumir kennarar eru líka fengnir sem leiðbeinendur meistaraverkefna og starfa í öðrum tilfellum sem prófdómarar. Þetta módel veitir nemendum fjölbreytta og faglega sýn og skapar þeim stórt, alþjóðlegt net fyrir verkefni og atvinnumöguleika í framtíðinni.

Milli 2008 og 2025 kenndu alls 276 kennarar námskeið í meistaránáminu. Margir kennarar hafa kennt reglulega í gegnum árin og sumir hafa hjálpað til við að þróa ný námskeið sem endurspeglu núverandi stefnur og strauma á þeirra fagsviðum. Þetta hjálpar til við að viðhalda endurnýjun á námskeiðunum milli ára. Kennarar okkar koma frá ýmsum löndum, þar á meðal Íslandi og reynt er að halda jöfnu hlutfalli milli kennara frá Íslandi (44%) og erlendra kennara (56%). Meirihluti kennara hefur komið frá Kanada, Norðurlöndunum, Hollandi og Bandaríkjunum. Það er sérstaklega ánægjulegt og frétt til næsta bæjar að Vestfirðingar skuli kenna stóran hluta námskeiðanna: 18% allra ECTS eininga hafa verið kenndar af fagfólki með aðsetur á Vestfjörðum. Þetta fagfólk kemur m.a. frá Hafrannsóknarstofnun á Ísafirði og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands í Bolungarvík.

Ráðningar og gæðastjórnun

Markmið okkar er að vera fyrirmyndir fyrir aðrar stofnanir í ráðningaraðferðum, með því að ráða kennara með fjölbreyttan bakgrunn og starfsreynslu. Mest vegur sérfræðipækking þeirra og kennslureynsla, bæði úr akademíunni, stjórnsýslunni, félagasamtökum og úr iðnaði. Á síðustu árum höfum við náð jafnvægi í kynjahlutfalli og aukið ráðningu ungra, kraftmikilla kennara til að bæta við núverandi hóp reyndra og hæfileikaríkra kennara.

Til að tryggja samræmi og stöðugleika í kennslu og mati hefur Háskólasetrið þróað stefnu og leiðbeiningar fyrir alla kennara. Háskólasetur framkvæmir nemendamat eftir hvert námskeið til að tryggja gæði. Fagstjórar hafa umsjón með öllum ráðningum kennara, kynningu og samhæfingu. Þeir hafa einnig regluleg samskipti við kennarana fyrir, á meðan og eftir námskeiðin til að viðhalda og bæta gæði ár frá ári. Háskólasetrið tengir kennara við viðeigandi innlenda tengiliði og stingur upp á vettvangsferðum sem styðja við efni námskeiðanna.

Meistararitgerðir

Nemendur við Háskólasetur Vestfjarða hafa frjálssar hendur við að velja sér rannsóknarefni fyrir meistararitgerð sem tengist námsleiðum skólans, auk þess að velja sér leiðbeinanda. Í gegnum árin hafa nemendur unnið að fjölbreyttum og brýnum viðfangsefnum, sem hafa stuðlað að aukinni vísindalegri þekkingu á Vestfjörðum. 81 meistararitgerð hefur fjallað um Vestfirði og snúið að málefnum eins og fiskeldi og sjávarútvegi, áfallastjórnun, ferðaþjónustu og vistfræði og stjórnun hvala. Auk þess hefur 131 nemandi framkvæmt rannsóknir sínar á öðrum svæðum á Íslandi og lagt sitt lóð á vogarskálina til að auka innlenda þekkingarsköpun. 204 meistararitgerðir hafa fjallað um málefni tengd Norðurslóðum, að hluta til vegna aðildar Háskólaseturs Vestfjarða að University of the Arctic-netinu. Aðrir nemendur hafa kosið að framkvæma rannsóknir sínar á stöðum eins og Aotearoa Nýja-Sjálandi, Belís, Chile, Fídjíeyjum, Indónesíu, Mexíkó, Skandinavíu, Suður-Afríku og Taílandi.

Leiðbeinendur Háskólaseturs Vestfjarða koma frá virtum háskólum, rannsóknarstofnunum, frjálsum félagasamtökum og opinberum stofnunum, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Margir þeirra hafa leiðbeint fleiri en einum nemanda, sem endurspeglar sterkt tengslanet Háskólaseturs við sérfræðinga í strandsvæðarannsóknum, bæði innanlands og erlendis. Lokaverkefni nemenda eru stundum fjármögnuð í gegnum leiðbeinendur en einnig með styrkjum frá fjölbreyttum svæðisbundnum, innlendum og alþjóðlegum sjóðum. Dæmi um slíka styrki eru Nýsköpunarsjóðurinn Hafsjór hugmynda frá Vestfjarðastofu, Lokaverkefnasjóður Bygðastofnunar, auk Erasmus- og Nordplus-styrkja.

Hvaðan koma nemendurnir?

Á árunum 2008 til 2025 hefur 391 nemandi skráð sig í meistaránámsleiðirnar: 342 í Haf-og strandvæðastjórnun (CMM) og 49 í Sjávarbyggðafraði (CRD), sem hófst árið 2019. Hlutfall kynja meðal nemenda hefur verið 2:1, konum í vil, en þetta nær þó ekki til þeirra nemenda sem hafa ekki skilgreint sig innan hefðbundinna kynjahlutverka. Flestir nemendur hafa komið frá Evrópu (49%) og Norður-Ameríku (44%). Sérstaklega frá Kanada, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Hins vegar hefur Háskólasetur Vestfjarða einnig laðað að sér nemendur frá fjarlægari svæðum, eins og Bahamaeyjum, Bresku Jómfrúareyjum, Indlandi og Taívan. Á hverju ári tekur Háskólasetur Vestfjarða einnig á móti um það bil 10 skiptinimum, aðallega í gegnum Erasmus-samstarfið. Því miður hafa tilraunir til að fá fleiri íslenska nemendur ekki skilað sér, þeir hafa verið aðeins 2,3% af nemendafjöldanum. Þó sumir nemendur komi beint í meistaránám eftir bakkalárgráðu, þá hafa aðrir fjölbreytta starfsreynslu og auðga kennsluna með raundæmum. Stundum hafa jafnvel nemendur á miðjum aldri komið í námið til Háskólaseturs og gera nemendahópinn breiðari og skemmtilegri.

Útskrifaðir nemendur

Frá 2008 til 2025 hafa rúmlega tveir þriðju hlutar nemenda lokið námi með góðum árangri: 264 í CMM og 20 í CRD. Margir ljúka námi innan hefðbundins tveggja ára tímaramma, en aðrir þurfa lengri tíma vegna persónulegra, faglegra eða rannsóknatengdra ástæðna. Brottfallshlutfallið er um 13%. Vestfirðir og Ísland hafa einnig reynst aðlaðandi staður fyrir suma útskrifaða nemendur til að setjast að. Sem stendur búa og starfa að minnsta kosti 47 (18%) útskrifaðir nemendur á Íslandi, þar af 27 (11%) á Vestfjörðum. Útskrifaðir nemendur standa því íslenskum og sérstaklega vestfirskum vinnumarkaði til boða og hafa þannig jákvæð áhrif á hagvöxt og byggðaðróun.

Háskólasetrið leitast við að viðhalda sterkum tengslum við útskrifaða nemendur, þannig að hægt er að fylgjast með framgangi þeirra. Af þeim nemendum sem eru í reglulegu sambandi hefur yfir helmingur haslað sér völl í störfum tengdum strandsvæðarannsóknum hjá hinu opinbera, í frjálsum félagasamtökum, rannsóknum og atvinnulífi. Um fimmtungur hefur haldið áfram í doktorsnám og einhverjir hafa stofnað eigið fyrirtæki. Nokkrar af sögum útskrifaðra nemenda eru dregnar fram í dagsljósið hér í skýrslunni.

360 NEMENDUR
Á 20 ÁRUM

TAKK FYRIR KOMUNA



TAKK FYRIR AÐ VERA SENDIHERRAR
VESTFJARÐA ÚTI Í HEIMI

TAKK FYRIR AÐ VERA ÁFRAM HJÁ OKKUR - YFIR 10%
NEMENDA ERU ÁFRAM Á VESTFJÖRÐUM OG 18%
ÞEIRRA ERU ÁFRAM Á ÍSLANDI

Hvað gera meistara- nemarnir í dag?



Nafn: Sara
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2019
Þjóðerni: Spánn

Ég vinn hjá Deltares þar sem ég einblíni á endurheimt strandvistkerfa og loftslagsaðlögun og ég nota bakgrunninn minn í hafrannsóknunum, haflíffræði og haf- og strandsvæðastjórnun. Starfið krefst þekkingar sem ég öðlaðist í mörgum námskeiðum í meistaranáminu, þar á meðal hagnýtrar þekkingar, svæðis- skipulagi, GIS, og aðlögunar- og stjórnunartengdum námskeiðum. Samblanda af tæknikunnáttu og félagshagfræði í náminu hefur einnig nýst vel í núverandi starfi.

Ein uppáhalds minningin mín frá náminu er stúdentalífið og að búa með 6 nemendum og ævintýrin sem við áttum. Á Ísafirði tilheyrði ég nýrri fjölskyldu og átti einstaka upplifun. Vináttan þaðan er eitthvað sem ég met mikið enn í dag.



Nafn: Lynnee
Námsleið: Sjávar- byggðafræði
Útskriftarár: 2023
Þjóðerni: Bandaríkin

Ég starfa sem samskiptastjóri iðnaðar hjá Oregon Coast ferðabjónustusamtökunum þar sem ég einblíni á sjálfbæra þróun strandabyggða. Ég skipulegg ráðgjafahópa, stýri herferðum fyrir ferðamenn og styð við innviðaverkefni og staðbundinn sjávarútveg. Meistaránámið undirbjó mig fyrir samskipti við hagsmunaaðila í strandauðlindastjórnun, sjálfbærri ferðabjónustu og opinberri stefnu.

Uppáhalds minningin mín frá náminu var að búa til Westfjords Way Challenge hjóltreikakeppnina, sem brúaði heim ævintýrahjóltreika og námsins. Verkefnið var gríðarstórt og hjóltreikakappar frá öllum heimshornum tóku þátt.



Nafn: Rob
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2014
Þjóðerni: Kanada

Ég er dómari áfrýjunardómstóls vinnustaða- öryggis- og tryggingamála. Þekking mín á lestri og skilningi á fræðilegum tímaritum, og gagnreyndum vísindum, byrjaði í raun hjá Háskólasetri og sá agi sem ég öðlaðist við lokaverkefnið mitt hefur haft veruleg áhrif á vinnu mína við að skrifa um lögfræðilegar ákvarðanir.

Uppáhalds minningin mín er að spjalla við samnemendur og bæjarbúa á kaffihúsinu, ásamt því að læra að gera pönnukökur, þó mínar séu ekki eins góðar og hennar Gunnu Sigu. Einu sinni fór ég í gönguferð að leita að rabarbara fyrir pönnukökur og montaði mig af því að hafa nælt mér í villta næringu. Ég komst að því seinna að ég vændi óvart rabarbarablett í eigu fjölskyldu Gunnu Sigu!



Nafn: Hanna
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2020
Þjóðerni: Kanada

Ég vinn fyrir Oceana og leiði herferð til að vernda Norður-Atlantshafs hvali í útrýmingarhættu í Kanada. Ég vinn með sjávarútvegsfyrirtækjum sem veiða snjókrabba og humar í atvinnuskyni, og með skipaiðnaðinum í að draga úr því að hvalir flækist í veiðarfærum og lendi í árekstri við skip. Að læra hvernig á að vinna í samvinnu við hagsmunaaðila og samstarfsaðila í iðnaði til að vernda auðlindir hafsins og dýralíf hefur verið mjög mikilvægt fyrir núverandi starfið mitt.

Uppáhalds minningin mín er frá því að ég var að koma mér fyrir í fyrstu vikunni á Ísafirði. Ég leit út um svefnherbergis gluggann minn og sá dansandi norðurljós í fyrsta skipti. Þá vissi ég að ég ætti töfrandi tvö ár í vændum.



Nafn: John
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2018
Þjóðerni: Bandaríkin

Ég starfa sem tæknistjóri sjávarafurða hjá Alaska Seafood Marketing Institute. Þverfaglega námið sem Háskólasetrið býður upp á hefur reynst ómetanlegt fyrir feril minn og þau fjölbreyttu, tæknilegu viðfangsefni sem ég fæst við. Ég sinni m.a. rannsóknarmálum og stefnumótun um sjálfbærni, líffræði, vistfræði, gæði o.s.frv. Hjá Háskólasetri lærði ég um fjölbreytt viðfangsefni og ígrundaði sjónarmið ýmissa hagsmunaaðila. Samþætting námsins við fiskiveiðisamfélagið var ótrúlega dýrmætt og meistaraverkefnið mitt er í raun grunnur að daglega starfi mínu í dag.

Uppáhalds minningin mín frá Ísafirði er sú samfélags- og staðarvitund sem þar er. Ég eignaðist ekki aðeins vini fyrir lífstíð úr árganginum, heldur finnst mér enn þann dag í dag eins og Ísafjörður sé heimili að heiman. Samfélagið er lítið, vinalegt og tekur nemendum opnum örmum, með landslagi sem er töfrandi og dramatískt, og tengir mann vel við þá vinnu sem unnin er hjá Háskólasetri.



Nafn: Solveig
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2023
Þjóðerni: Noregur

Ég starfa sem rannsóknarmaður hjá Nordland Research Institute í Lofoten í Noregi. Ég vinn við auðlinda- og umhverfisstjórnun út frá félagsvísindalegu sjónarhorni. Það sem ég lærði hjá Háskólasetri Vestfjarða og undirbjó mig best fyrir störf mín í dag tel ég vera þverfagleg og fjölbreytt námskeið, en einnig fjölbreytileiki nemendaárgangsins míns.

Uppáhaldsminningar mínar frá dvölinni er samfélagið á Ísafirði og vinátta sem myndaðist þar fyrir lífstíð.



Nafn: Alan
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2011
Þjóðerni: Bretland

Ég starfa aðallega í Afríku sem ráðgjafi með ýmsum náttúruverndaryfirvöldum við að stjórna og þróa garða og friðlönd. Þó ég hafi verið í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða hef ég aldrei unnið nálægt sjónum, en margt af því sem ég lærði um náttúruleg ferli og náttúruvernd hefur verið mikils virði. Ég hef áttað mig á því að vinna í umhverfismálum hefur nákvæmlega ekkert með það að gera að leika sér með dýrum eða horfa á fagurt landslag. Þetta snýst allt um að takast á við mannfólk - ófyrirsjáanlegustu, óskynsamlegustu tegund jarðar. Það má segja að dálítið sérvitrir íbúar Vestfjarða og litríkar persónur í Háskólasetrinu hafa búið mig undir krefjandi aðstæður í hjarta Afríku.

Uppáhalds minningin mín var ferð með nemendum og starfsfólki Háskólaseturs í fyrsta snjóstormi vetrarins. Þegar út var komið hófst snjóstrið, og hvort sem það var í góðu gamni eða afleiðing uppsafnaðrar gremju (líklega bæði), þá var flestum snjóboltum hent í Peter Weiss. Að sonnum bæverskum síð hóf hann að skjóta til baka með eldmóði manns sem hafði beðið allt sitt líf eftir þessari stundu.



Nafn: Mathieu
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2023
Þjóðerni: Frakkland

Ég er stjórnandi líffræðilegs fjölbreytileika og hafs hjá fjölorkufyrirtæki í París. Það sem undirbjó mig best úr náminu fyrir núverandi starf er þverfaglega gráðan og ólíkur bakgrunnur samnemenda.

Það er ekki auðvelt að velja eina upphalds minningu en ég myndi líklega segja að útskriftarathöfnin á Hrafnseyri standi upp úr.



Nafn: Charla
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2014
Þjóðerni: Kanada

Ég starfa sem nýdoktor í hvalvísindum við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík. Það sem undirbjó mig best úr náminu undir núverandi starf er fjölbreytt úrval sjávar tengdra námskeiða.

Nokkrar upphalds minningar frá námsárunum eru viðburðir sem árgangurinn minn hélt, t.d. alþjóðlegt hlaðborð og spurningakeppni, ásamt því að upplifa "Aldrei fór ég suður" tónlistarhátíðina í fyrsta sinn!



Nafn: Sarah
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2014
Þjóðerni: Kanada

Ég er sérfræðingur í mati á áhrifum hjá Canada Agency Park. Starf mitt snýr að sjálfbærri þróun sem dregur úr umhverfisáhrifum á þjóðgarða. Meistaránámið gaf mér heildstæða sýn á hvernig eigi að fara með auðlindir og ég nýti námið enn í dag.

Ég á mjög góðar minningar með bekkjarfélögum mínum og vera í umsjá íslensku mömmu minnar, Gunnu Sigu!



Nafn: Elsa
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2024
Þjóðerni: Bandaríkin

Ég er doktorsnemi við Kaupmannahafnarháskóla. Það sem undirbjó mig best úr náminu fyrir núverandi starf voru hagnýt verkefni og vettvangsvinna. Að þróa eigið ritgerðarefni í meistaránáminu gerir mig að sjálfstæðum rannsakanda í dag.

Ég kynntist flestum bestu vinum mínum í náminu og ég er þakklát fyrir að hafa kynnst góðu, ævintýragjörnun og gestrisnu fólki - bæði nemendum og íbúum.



Nafn: Kelly
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2019
Þjóðerni: Kanada

Ég er fræðslu- og samskiptastjóri hjá "TransCoastal Adaptations" miðstöðinni fyrir náttúrulegar lausnir. Ég stýri "Green Shores" áætluninni sem fræðir sveitarfélög og húseigendur um náttúrulegar lausnir sem vinna með náttúruöflum og endurheimta í leiðinni búsvæði á landeignum sínum. Fjölbreytileiki námskeiðanna sem boðið er upp á í haf- og strandsvæðastjórnun gerir mig betur í stakk búna til að nýta þekkingu mína á þverfaglegu starfssviði. Einnig hélt ég margar kynningar í meistaránáminu sem bjó mig undir almenningsfræðslu í starfinu mínu.

Ein minning sem stendur upp úr frá náminu er þegar stóra landakortið á veggnum í skólanum var á hvolfi. Ég spurði bórdísi, þáverandi móttökuritara hvers vegna það væri og hún sagði að það væri stundum gott að horfa á heiminn frá mismunandi sjónarhornum og hafa opin huga um hvað sé sannleikurinn.



Nafn: Ellyn
Námsleið: Haf- og strandsvæðastjórnun
Útskriftarár: 2014
Þjóðerni: Kanada

Ég er doktorsnemi við Háskólann í Windsor í Kanada. Rannsóknir mínar snúast um að skilja hreyfingar grálúðu á norðurslóðum og ég notast við hljóðnemataekni og margvíslegar greiningar. Meistaránámið vakti áhugann minn á norðurslóðum og norðurslóðarannsóknunum sem leiddi svo til doktorsnámsins. Vettvangsnám í meistaránáminu undirbjó mig einnig fyrir vettvangsverkefni í doktorsnáminu.

Uppáhalds minningarnar mínar eru að fara í heitar laugar, sjá miðnætursólina og norðurljósin, læra að þrjóna, fara á "Aldrei fór ég suður" og ganga frá Ísafirði til Bolungarvíkur og um Hornstrandir.





TAKK FYRIR AÐ KOMA
MEÐ VITIÐ

Námskeiðin okkar & kennararnir þeirra

Námskeiðin í meistaranáminu hjá Háskólasetri Vestfjarða eru töluvert fleiri en hægt er að fjalla um á einni síðu. Hér er sýnishorn af nokkrum þeirra frá þeim sem þekkja þau best, stundakennurum námskeiðanna.



Námskeið: Vistfræði haf- og strandsvæða
Kennari: Dr. Filipa Samara (Rannsóknars. HÍ í Vestmannaeyjum)

Ég elska hafið og vill miðla á vísindalegan hátt til nemenda hve einstakt vistkerfi það er. Í námskeiðinu er lögð áhersla á varðveislu hafsvæða og ferla og mynstur þeirra og fjallað er um umhverfisáskoranir strandsvæða. Það er einstök upplifun að kenna í Háskólasetrinu, starfsfólkið fær nemendur og kennara til að líða eins og hluti af stórrí fjölskyldu og staðsetningin er ótrúleg.

Uppáhalds minningarnar mínar frá kennslunni eru allar vettvangsferðirnar og að sjá nemendur öðlast praktíska reynslu.



Námskeið: Opinber stefnumótun: frá hugmynd til aðgerða
Kennari: Dr. Jóhanna Gísladóttir (LBHÍ)

Í námskeiðnu hvet ég nemendurna mína til að kryfja „vandann“ sem stefnunni er ætlað að takast á við og að skoða samhengið. Það er alltaf jafn ánægjulegt að kenna við Háskólaset, nemendahóparnir eru svo fjölbreyttir og virkir. Þau koma frá ólíkum heimshornum, sem skapar alltaf líflegt námsumhverfi.

Ég er mikið spurningakeppnisnörd og uppáhalds minningin mín er að mæta á barsvar á Dokkunni sem er skipulagt af nemendunum og er frábær hefð.



Námskeið: Landfræðileg upplýsingakerfi (GIS)
Kennari: Dr. Jiří Pánek (Palacky háskóli)

Námskeiðið miðar að því að kynna landupplýsingakerfi (GIS/LUK) fyrir nemendum og sýna þeim hvernig hægt er að nota kort í rannsóknum og kynningum, enda segja kort meira en 1000 orð. Flestir prófa GIS í fyrsta sinn í námskeiðinu en eftir 3 vikur eru þau orðin reynd í þessu og geta búið til mjög flott kort.

Góðar minningar úr kennslunni er hvað það kemur mér alltaf á óvart hversu fljótir nemendur eru að læra á kortagerð. Ég elska líka umhverfið, teymið hjá Háskólasetrinu og staðsetninguna. Ég kenni á veturna (í janúar) þannig að ferðalög mín til og frá Ísafirði eru yfirleitt frekar flókin en Gunna Sigga leysir einhvernvegin alltaf úr málunum.



Námskeið: Loftslagsbreytingar á strandsvæðum
Kennari: Dr. Patricia Manuel (Dalhousie U.)

Í námskeiðinu, sem heitir fullu nafni „Loftslagsbreytingar á strandsvæðum: Aðlögun og mótvægis-aðgerðir“, hefur miðpunkturinn alltaf verið „skipulag“ - og þá sérstaklega umhverfisskipulag og samfélags-skipulag, með loftslagsbreytingar í brennidepli. Strandsvæði eru pólitískt svæði. Að vernda náttúru þeirra, skipulag, og að viðurkenna og takast á við loftslagsbreytingar eru pólitískir þættir. 10% jarðarbúa búa á viðkvæmu strandsvæði sem eru gríðarlega mikilvæg á heimsvísu fyrir samfélagslega velferð, menningu, efnahag og umhverfi.

Uppáhalds minning mín úr kennslu er að skoða strandsvæðaskipulag á Ísafirði og í bæjunum í kring. Það var alltaf tekið mjög vel á móti okkur og maður fann hve stoltir bæjarbúar eru af samfélaginu sínu. Þessi reynsla er ein af ástæðunum fyrir því að ég kem aftur og aftur til Háskólasets.



Námskeið: Svæðisumbreytingar og þróun
Kennari: Dr. Joost Dessein (Gent háskóli)

Námskeiðið sem heitir fullu nafni „Svæðisumbreytingar og þróun: Félagsvísindalegar kenningar og vinnulag“ kynnir nemendum fyrir ólíkum þáttum byggðapróunar, frá félagsfræðilegu og pólitísku sjónarhorni. Það er áhugavert að flestar myndirnar sem notaðar eru í kennslustundum eru frá suðurhveli jarðar, en vettvangsferðirnar sem við förum í eru á Vestfjörðum í norðri. Það eru líklega einmitt þessar andstæður, þar sem blasir við nemendum bæði það sem er líkt og ólíkt á milli svæðisbundinna byggðapróunarferla, sem kveikir áhuga þeirra.

Uppáhalds minningin mín er frá því að ég týndi lyklunum mínum. Gunna Sigga hló og sagði: „Engar áhyggjur, við finnum þá fljótt, nema þú hafir misst þá í sjóinn! Ég auglýsti á facebook og viti menn, stuttu seinna kom einhver með þá til mín. Þetta er umhyggjusamt samfélag.“



Námskeið: Frá auðlindahagkerfi í aðlöðunarhagkerfi
Kennari: Dr. Pat Maher (Nippissing U.)

Námskeiðið fjallar um sjávarbyggðir á tímum afþreyingar og ferðalaga og ég held að námskeiðið opni augu nemenda. Þau telja sig öll þekkja ferðapjónustu, eða hafa unnið í greininni, en fræðileg rannsókn á því hvernig samfélag tekur þátt í eða finnur fyrir togstreitu við fjölda ferðamanna er ákveðin reynsla.

Ég held að nemendaárgangarnir, vettvangsferðir og lotukennsla með helstu sérfræðingum heims geri Háskólasetrið einstakt. Eftirminnilegast fyrir mig eru ófyrirséðu augnablikin, eins og að fara í skoðunarferð um Ísafjörð og enda á því að fullorðnir meistaranemar sýna litlum krökkum takta sína á trampólíni.



Námskeið: Stjórn-
skipulag á norður-
slóðum

Kennari: Dr. Romain
Chuffart (HA)

Námskeiðið gefur nemendum þver-
faglegt yfirlit yfir lagalegar, pólitískar
og umhverfislegar hliðar stjórnsýslu á
norðurslóðum. Fjallað er um haf-
réttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna
(UNCLOS), auðlindir og sjálfs-
ákvörðunarrétt frumbyggja svo
eitthvað sé nefnt. Nemendur taka
einnig þátt í Arctic Circle Assembly
ráðstefnunni í Reykjavík þar sem þau
eiga í samskiptum við stefnu-
mótendur, sérfræðinga, diplómata,
fræðimenn og hagsmunaaðila.

*Það sem gerir Háskólasetrið sérstakt í
mínum huga er fjölbreytileiki og góð
þátttaka nemenda. Ein af uppáhalds
minningunum mínum er að sjá
nemendur koma til baka eftir Arctic
Circle ráðstefnuna og eru full af vilja til
að vinna að breytingum.*



Námskeið: Eðlisræn
ferli strandsvæða

Kennari: Dr. Jana Cox
(Háskólinn í Utrecht í
Hollandi)

Í námskeiðinu er farið yfir
grundvallaratriði í eðlisfræði
strandsvæða, mannleg inngrip og
loftslagsbreytingar og hvernig hægt
er að bregðast við þessum
breytingum í stefnumótun. Við
skoðum dæmisögur frá öllum
heimshornum, sérstaklega í
hópvinnu, þar sem nemendur kafa
djúpt í eina óseyri að eigin vali, hvar
sem er í heiminum og kortleggja og
miðla áhættu og breytingum á sinn
eigin nýstárlega hátt.

*Háskólasetrið stuðlar að sérstöku náms-
umhverfi þar sem nemendur geta komið
með eigin reynslu og hæfileika að borðinu
til að takast á við áskoranir frá
mismunandi sjónarhornum. Þetta leiðir
af sér virkilega skemmtilegar og
fjölbreyttar umræður með tækifæri fyrir
kennara og nemendur til að læra hvert af
öðru.*



Námskeið: Fæðukerfi
strandsvæða

Kennari: Dr. Kristen
Lowitt (Queen's
háskóli)

Matur er ein nánasta tenging okkar
við umhverfið og menningu. Námskeiðið
fræðir nemendur um
matvælakerfi, öll þau skref sem
matur fer í gegnum til þess að komast
á diskinn okkar, og notar þessi kerfi
sem sýnishorn í rauntíma áskoranir
sem sjávarbyggðir standa frammi
fyrir. Þær geta til að mynda verið
svæðisbundin efnahagsþróun, að-
gengi að matvælum eða loftslags-
breytingar.

*Kennslustofan er gefandi umhverfi
sökum þess hve fjölbreyttur bakgrunnur
nemenda er. Svæðið er einnig einstakt og
er í raun "lifandi rannsóknarstofa" þar
sem við heimsækjum fiskbúðina,
fiskvinnsluna, sjávarsalt fyrirtæki og
litla veitingastaði. Þessar vettvangsferðir
veita innsýn í fjölbreytileika staða, fólks
og vistfræðilegra kerfa sem tengjast
matvælaíðnaði á strandsvæðum.*



Námskeið: Verkfæri
fyrir samfélags- og
byggðapróun

Kennari: Dr. John
Colton (Acadia U.)

Í námskeiðinu þróa nemendur
verkfæri og aðferðir sem geta stutt
við sjálfbæra svæðisbundna
efnahagsþróun. Öll svæði, samfélög
og einstaklingar hafa einstaka
menningarlega, félagslegfræðilega
og umhverfislega getu sem hægt er
að virkja, til dæmis að nýta krafta
hafsins fyrir endurnýjanlega orku

*Uppáhalds minningar mínar frá
Háskólasetri eru t.d. dæmis að mæta í
Pálinubod nemenda, gönguferðir með
nemendum og vettvangsferðir. Ég meira
að segja gifti mig á Ísafirði þar sem
nemendur voru með í brúðkaups-
veislunni. Ein útskriftarahöfn var
sérlega eftirminnileg þegar nemendur,
starfsfólk, gestir og forseti Íslands horfðu
saman á fótboltaleik undir tjaldi og
borðuðu puls.*

**Dæmi um önnur námskeið sem hafa
verið kennd í meistaranámi:**

- Aðferðir og sjónarhorn
landafræðinnar
- Aðgerðamat stjórnækja
- Aðlögunarskipulag
- Akademísk ritsmiðja
- Af skipum og sjó
- Auðlindahagkerfi og stefnumótun
- Bjargráð við hamförum
- Bláa hagkerfið og sjávarbyggðir
- Búferlaflutningar og íbúapróun
- Deilulausnir
- Endurnýjanleg sjávarorka
- Félagsfræði dreifbýlis
- Fiskeldi, umhverfi og samfélag
- Fiskveiðistjórnun & Fiskveiðitækni
- Fólkið og hafið
- Fyrirtækjanýsköpun
- Gagnagreining og túlkun
- Haf- og strandsvæðastjórnun
- Hafréttur
- Hafræði
- Hafskipulag
- Hafræn mannfræði
- Hagnýt aðferðafræði
- Hnattræna samhengið
- Horft til framtíðar: Sviðsmyndir
fyrir strandsvæði norðurslóða
- Svæðisbundin landafræði
- Íslenskt samfélag og náttúra
- Jafnrétti og fjölbreytni
- Loftslagsbreytingar, fjölmiðlar og
orðræðan
- Mannvistfræði
- Mat á byggðastefnu
- Mat á umhverfisáhrifum
- Menntun og vinnumarkaður
- Mengun á strandsvæðum
Norðurheimskautsins
- Nýsköpun og frumkvöðlastarf
- Nýsköpun í sjávareldi
- Raddir frumbyggja og
samfélagsleg þróun
- Samfélag og manngert umhverfi
- Siglingar og starfsemi á hafi út á
norðurslóðum
- Siðferði: auðlindanýting/verndun
- Skrif rannsóknartillagna
- Stefnumótun hins opinbera
- Stjórnun verndaðra hafsvæða
- Strandsvæði norðurslóða í dag
- Svæðishagkerfi
- Talandi um vísindi
- Umhverfisvottanir og merki
- Umhverfissaga
- Velferð og þróun

An aerial photograph of a vast, snow-covered mountain landscape. In the foreground, a large, modern building complex with a flat roof is partially visible, surrounded by deep snowdrifts. The middle ground shows a wide, open snowy area with some tracks. In the background, a steep, snow-covered mountain slope rises towards a cloudy sky. The overall scene is serene and cold.

20 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ KOMA Á ÞENNAN FJARÐSTÆÐUKENNDAN STAÐ

HÉR ER ÉG EKKI
NÚMER

GOTT AÐ KÚPLA SIG ÚT
Í EITT EÐA TVÖ ÁR

LOTUKERFI OG
VETTVANGSNÁMKEIÐ

NÆSTUM EINS OG ÉG
VÆRI Í FÆREYJUM

ALLT Í STAÐNÁMI

HÉR GET ÉG ANDAÐ
FRJÁLS

GLÆNÝIR
STÚDENTAGARÐAR

LÆRUM SAMAN OG AF
HVORU ÖÐRU

Í FAÐMI FJALLA
BLÁRRA

SÉRFRÆÐINGAR AÐ
KENNA

ALÞJÓÐLEGUR
HÓPUR, GLUGGI
ÚT Í HEIMINN

GESTANÁM OG
VALNÁMSKEIÐ

ÞRIGGJA ANNA KERFI,
SUMARÖNN Í BOÐI

FULLT AF ATVINNUTÆKIFÆRUM,
BARA EF MAÐUR HEFÐI
TÍMA FYRIR ÞAU ÖLL!

HÉR VIRÐAST ÖLL EINHVERN
VEGINN KLÁRA Á
TILSETTUM TÍMA

NEMENDUR TENGJAST
RANNSÓKNAR-
VERKEFNUM

ÞESSI STAÐUR SKER
SIG ÚR

LOKARITGERÐ:
LEIÐBEINENDUR FRÁ
ÖLLUM HEIMSHORNUM

ÉG ER BREYTTUR EFTIR
ÞENNAN TÍMA

HÉR HEF ÉG
FUNDIÐ VINI



Fyrirlestrarsalur og bókasafn eru miðsvæðið. Bókasafnið safnar aðallega bókum tengdum námi hjá Háskólasettri og er með sérhæfðustu bókasöfnum landsins. Um 40% titla eru bara til á þessu bókasafni á öllu landinu.

Kaffistofan er hjarta Háskólaseturs. Hér eru opnir fyrirlestrar á hverjum föstudegi undir heitinu Vísindaport.

Í portinu er eini úti-badmintonvöllur landsins. Stundum er ekki logn á Ísafirði. Þá er völlurinn notaður undir aðra boltaleiki. Á sumrin fara nemendur og starfsmenn oft með nesti út í portið.

Hér var Fjölmenningarsetur Íslands til húsa sem sameinaðist síðar Vinnumálastofnun. Hún hefur fengið nýtt húsnæði á fyrstu hæð Vestrahússins 2025.

Akureyrarstofan veitir starfsmönnum Háskólans á Akureyri tækifæri til að vinna hjá Háskólasettri í ákveðinn tíma.

Kennslustofur Háskólaseturs.


Á fyrstu hæð er Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Þegar allar kennslustofur eru uppteknar er gott að geta farið með kennslu frá Háskólasettri í Fræðslumiðstöð eða öfugt.

Þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytis er með starfsstöð í Vestrahúsinu – og því er hér allt milli frosts og þýðingar ;-))

School for International Training er háskóli í Vermont og hefur verið samstarfsskóli Háskólaseturs síðan 2007. Hann er með tvo starfsmenn á Vestfjörðum og fjölda stundakennara og er með skrifstofu í Vestrahúsi.

Aðalinngangurinn í húsið er um bláa gaflinn og uppi á annarri hæð er móttaka þar sem fást upplýsingar um allt og alla.

Á fyrstu hæð er Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga sem styðja við framþróun Vestfjarða. Vestfjarðastofa og Háskólasetur deila sameiginlegum áhuga á haftengdum málum og byggðamálum.



Vestrahús var byggt sem skvinnsluhús. Þessi hluti er enn notaður sem frystihús.

Snjóflóðasetur er útibú frá Veðurstofu Íslands sem sinnir rannsóknum og þjónustu tengdum ofanflóðamálum. Í Snjóflóðasetri er stór gluggi með útsýni til fjalla.

Hafrannsóknastofnun er með sjö manna starfsstöð á Ísafirði. Verkstæði Hafró á neðri hæð er nýtt til sýnatöku og viðhalds neðansjávarmyndavéla stofnunarinnar.

Á teppagangi eru skrifstofur fjölda rannsókna- og þjónustustofnana, og alltaf einhver að flytja inn eða áfram: Hér eru Mátis, Virk starfsendurhæfingarsjóður, Mast/Matvælastofnun og Fiskistofa. Flest fást þau við viðfangsefni Háskólaseturs, hafið og fólkið sem býr við hafið og sækir það. Í húsinu eru líka Skógræktin og sprotafyrirtæki.

Allir kennarar hjá Háskólasetri eru stundakennarar, enda er markmið að fá sérhæfða kennara fyrir hvert námskeið. Þeir eru með stóra sameiginlega skrifstofu.

Rannsóknarmenn, doktorsnemar, verkneymar og gestir eru velkomin til Háskólaseturs og heil skrifstofa með fjórum borðum frátekin fyrir þau.

Skrifstofur starfsmanna Háskólaseturs eru nálægt kennslustofum og gegnt bókasafni. Oftast eru hurðir opnar.

Bolungarvík er handan við hornið. Þar er Náttúrustofa Vestfjarða til húsa, sem og Háskóli Íslands með sitt rannsóknasetur.

Teikning: Ómar Smári Kristinsson

Rannsóknir

Rannsóknir starfsmanna Háskóla Vestfjarða hafa orðið umfangsmeiri undanfarin ár og til að mæta þeirri þörf var staða rannsóknarstjóra stofnuð árið 2020. Flest rannsóknarverkefni eru í gegnum meistaraverkefni nemenda en einnig hafa mörg ný samstarfsverkefni orðið til sem hlotið hafa styrki og tengjast áherslumálum meistaranámsins, þ.e.a.s. strandsvæðastjórnun og byggðafræði.

Milli 2020-2025 höfum við...



Fengið styrkveitingu í **84%** tilvika fyrir rannsóknir.



Ráðið samtals **17** aðstoðarmenn við rannsóknir.



Birt samtals **47** greinar í ritrýndum tímaritum um fjölbreytt rannsóknarefni.



Tekið þátt í **46** rannsóknarverkefnum og **78%** þeirra eru tengd meistaranemunum okkar á einn eða annan hátt.



Séð að vaxandi fjöldi birtra greina (**60%**) frá Háskóla Vestfjarða er frá meistaranemum.

Fjármagn fyrir rannsóknir 2020-2025

Rannsóknastarfsemi skilaði samtals rúmum 72 milljónum króna til Háskóla Vestfjarða á árunum 2020-2024, eða að meðaltali 7% af árlegri fjárhagsáætlun. Í meirihluta verkefna rann fjárhæðin beint til vestfirska samfélagsins, til dæmis í formi launa fyrir aðstoðarmenn eða til fyrirtækja á svæðinu fyrir aðstoð við rannsóknina. Af þeim fjármunum sem starfsfólk Háskóla Vestfjarða hafa fengið í rannsóknarstyrk hefur verið stutt við 9 meistaraverkefni.

En ekki öll rannsóknarstarfsemi meistaranema tilheyrir fjárhagsbókhalda Háskóla Vestfjarða. Til dæmis hafa 7 nemendur fengið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, vaxandi fjöldi nemenda hlýtur Erasmus+ ferðastyrk fyrir rannsóknarverkefni, og 15 nemendur hafa fengið utanaðkomandi styrki.

Mikilvægar innlendar fjármögnunarleiðir fyrir rannsóknir við Háskóla Vestfjarða eru til að mynda Rannís (NSN, Loftslagssjóður, Markaðsáætlun) Orkurannsóknarsjóður, Byggðastofnun og Vestfjarðastofa (Uppbyggingarsjóður Vestfjarða og Hafsjór af hugmyndum). Mikilvægir alþjóðlegir styrkir fyrir rannsóknir við Háskóla Vestfjarða eru til að mynda Norræna ráðherranefndin, Nordforsk, Creative Europe og UArctic.


Um hvað eru
rannsóknirnar okkar?

HVALI
MATVÆLI LIST ORKU
MENNTUN
LAGARELDI
FUGLA
FISKVEIÐI
SAMFÉLAGSPRÓUN
SJÁVARRUSL SJÁVARMENNINGU
LOFTSLAGSBREYTINGAR
FERÐAÞJÓNUSTU
VISTFRÆÐI HAFSVÆÐA
SKÓLP
ÞARA
HAFSKIPULAG

Vestfirðir vinsælir

Rétt undir helmingur rannsóknarefna hjá Háskólasetri Vestfjarða er um Vestfirði sjálfa. Þetta sýnir fram á verðmæta þekkinga-sköpun sem Vestfirðir njóta góðs af í okkar rannsóknum.

Alþjóðlegt
23%



Vestfirðir
41%

Ísland
36%

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar okkar eru meðal annars leiðbeinendur, gestarannsóknarmenn og tengslanetið okkar. Að auki eiga 43% rannsóknarverkefna allavega einn alþjóðlegan samstarfsaðila. Hin 57% eru minni innlend rannsóknarverkefni eins og lokaverkefni meistaranema styrkt af Byggða-stofnun, Uppbyggingarsjóði Vestfjarða eða Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Rannsóknarverkefni í brennidepli



CliNord

Climate
Change
Resilience in
Small
Communities in
Nordic Countries

Matthias Kokorsch, fagstjóri meistaranáms í Sjávarbyggðafraeði hjá Háskóla-setri Vestfjarða og Jóhanna Gísladóttir, lektor við LBHÍ eru hluti af íslenska teymi CliNord sem rannsakaði samspil staðartengsla og náttúruváar. Þau skoðuðu ofanflóð á Vestfjörðum og gerðu tilviksrannsókn á Patreksfirði og Flateyri.



Um verkefnið

Rannsóknarverkefnið fjallar um hvernig hægt sé að auka getu lítilla samfélaga á Norðurlöndunum til þess að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga. Markmiðið er að skoða hversu undirbúin þau eru fyrir þessa áskorun, hvernig skilning þau hafa á aðstæðum, hvernig hæfni íbúa getur hjálpað til við að byggja upp getu samfélagsins og í hvaða aðstæðum þau þurfa aðstoð. Alls eru 8 rannsóknir unnar í 5 löndum: Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Færeyjum og Íslandi. Milli 2021 og 2025 var verkefnið styrkt af Nordforsk um 13 milljónir íslenskra króna.

CliNord og Háskólasetur

Verkefnið hefur m.a. leitt til 7 birtinga á rannsóknargreinum frá Háskólasetri, 10 ráðstefnukynninga, 3 meistaraverkefna og ráðningu aðstoðarmanns við rannsóknir. Einnig var haldinn verkefnafundur á Ísafirði og hefur verkefnið einnig stuðlað að miðlun rannsókna til samfélagsins.

Plast í mögum þorska í Færeyjum, Íslandi og Noregi



Við Noreg, Ísland og Færeyjar veiðast 3-27% þorska með plast í maganum. Margar aðferðir hafa verið þróaðar til að rannsaka plast í mögum fiska en ólíkar aðferðir standast ekki alltaf samanburð. Stórar rannsóknarstofur geta verið útbúnar fullkomnum tækjum og mjög sérhæfðu starfsfólki á meðan smærri rannsóknarstofur hafa úr litlu að mæla. Til þess að geta borið saman niðurstöður ólíkra aðila var leitast eftir því að þróa aðferð sem hentar öllum og eru staðlaðar. Catherine Chambers, rannsóknarstjóri Háskólaseturs leiddi verkefnið og var það styrkt af Norræna Vinnuhópnum um Hafið og Strandsvæði um 7 milljónir íslenskra króna milli 2019 og 2021.

FINPlast og Háskólasetur

Í gegnum verkefnið var birt 1 rannsóknargrein frá Háskólasetri, ráðinn 1 aðstoðarmaður rannsóknar, haldnar 2 ráðstefnukynningar, gefnar út siðareglur rannsóknarstofu og unnið að 1 meistaraverkefni.



Hvar viljum við standa 2030?

Halda því sem við höfum

Það sem Háskólasetrið er þekktast fyrir eru tvær námsleiðir á meistarastigi, Haf- og strandsvæðastjórnun annars vegar og Sjávarbyggðafræði hins vegar. Meistaránámið er drifkrafturinn í starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða. Það laðar að fjölda hæfra námsmanna árlega sem bæta samfélagið og standa svo atvinnulífinu til boða. Námið hefur komið ágætlega út úr gæðaúttektum HA, sem útskrifar nemendurna. Innritaðir nemendur hverju sinni eru allt að 80 og er allt námið kennt í staðnámi, enda markmiðið að fá fólk á staðinn. Til viðbótar við meistaránema og kennara þeirra hefur þessi kjarnastarfsemi laðað að sér nemendur sem taka stök námskeið, vettvangsskóla frá erlendum háskólum og ýmsar rannsóknir.

Margar stofnanir innanlands og erlendis öfunda Háskólasetrið fyrir þennan árangur og eðlilega viljum við halda því sem hefur náðst, en alltaf má gera betur. Því viljum við skerpa á því að hér er í boði persónuleg menntun og verkleg reynsla í einstöku umhverfi. Við viljum virkja útskrifaða nemendur í þágu íslensks og vestfirskis atvinnulífs og samfélags og viljum auka enn frekar hagræn áhrif og jákvæða ímyndarsköpun fyrir Vestfirði.

Mæta þeirri áskorun að bæta rannsóknarvirkni

Á fyrstu starfsárum sínum var Háskólasetur dæmigerður kennslu (há-)skóli. Rannsóknir voru fólgnar í nemendaritgerðum aðallega. Á síðustu árum hafa rannsóknir og umsóknir í rannsóknasjóði af fagstjórnunum og rannsóknastjóra tekið kipp þó engin stöðugildi séu skilgreind til rannsókna. Að láta rannsóknir verða að eðlilegum þætti starfseminnar er því áskorun.

Samt höfum við sett okkur það markmið að árið 2030 verði rannsóknarvirknin orðin nægjanlega jöfn og umfangsmikil til þess að rannsóknarstöður eða starfshlutfall í rannsóknum hafi myndast. Á sama tíma viljum við sjá Háskólasetur Vestfjarða viðurkennt sem fræðamiðstöð fyrir strandsvæðastjórnun og byggðafræði á Íslandi.

Virkja hið umfangsmikla tengslanet

Háskólasetrið er lítil stofnun með risastórt alþjóðlegt tengslanet. Fjöldi nemenda sem hafa útskrifast úr meistaránámi eru yfir 260. Stundakennarar í meistaránámi hafa verið yfir 150 talsins og við það bætast leiðbeinendur og prófdómarar. Hin síðari ár hafa svo bæst við samstarfsaðilar í rannsóknarverkefnum.

Margvísleg og verðmæt tengsl hafa því skapast og viljum við virkja þetta tengslanet betur í þágu vestfirskis og íslensks atvinnulífs. Markmiðið er að verða fræðamiðstöð strandsvæðastjórnunar og byggðafræði, og e.t.v. lagareldis, sem leitað verður til.

Prjóna við það sem við höfum

Búið er að byggja upp tvær öflugar námsleiðir. Markmiðið er ekki endilega að bæta við fleiri og fleiri námsleiðum. Þó viljum við vera í stakk búin að grípa þau tækifæri sem gefast meðan ný námsframboð tengjast áherslum Háskólaseturs eða nýtast svæðinu. Tækifæri leynast í því að nýta núverandi námsframboð á fjölbreyttari hátt en áður, t.d. sem örnám, diplómanám og nám í samvinnu við aðrar stofnanir hérlandis sem erlendis. Þetta mun hafa í för með sér aukningu þátttakenda í stökum námskeiðum og fjölbreyttari tækifæri fyrir Vestfirðinga til endurmenntunar. Háskólasetur Vestfjarða er aðili að samstarfsneti um nám í lagareldi og beitir sér fyrir því að verulegur hluti náms í lagareldi verði kenndur á Vestfjörðum.

Auk þess viljum við skoða tillögur um ný námsframboð sem koma frá öflugum samstarfsaðilum. Nýtt námsframboð þarf að byggja á sérstöðu svæðisins og Háskólaseturs Vestfjarða, styrkja stofnunina og Vestfirði í heild. Dæmi um slíkt nám gæti verið vettvangsnám í náttúruvísindum eða náttúruváfræðum í samstarfi við háskóla og stofnanir innan þess geira.

Efla innra starf

Háskólasetur Vestfjarða er lítil stofnun og stjórnsýslan fálíðuð. Starfsmenn sinna gjarnan mörgum ólíkum verkefnum.

Til að efla innra starf viljum við auka sérhæfingu þeirra starfsmanna sem fyrir eru, fjölga starfsfólki ef mögulegt er, skoða þann möguleika að útvísa í meira mæli sérhæfðum verkefnum og auka samstarf við aðrar stofnanir í háskólaumhverfinu eða stofnanir á Vestfjörðum.

Framtíðarsýn Háskóla­seturs Vestfjarða 2025-2030

Nemendurnir

Upp undir 400 meistaranemar hafi útskrifast úr námi hjá Háskóla­setri Vestfjarða og upp undir 4000 nemendur hafi tekið þátt í sumarnámskeiðum og vettvangsskólum á vegum Háskóla­seturs Vestfjarða.

Á hverjum tíma verði 80 nemendur skráðir í kjarnanámsleiðirnar tvær: Haf- og strand­svæðastjórnun og Sjávarbyggðafræði. Auk þess verði árlega 20 nemendur skráðir í einstök námskeið.

Ímynd

Háskóla­setur Vestfjarða verði þekkt hérlandis og erlendis sem miðstöð fræða í haf- og strand­svæðastjórnun og byggðafræði á Íslandi.

Rannsóknir og tengslanet

Rannsóknir hafi eflst og samtals verði a.m.k. þrjú stöðugildi tengd rannsóknum á hverjum tíma.

Tengslanet Háskóla­seturs Vestfjarða verði formfest og nýtt til að efla starfsemina.

Námið

Bæst hafi við námsframboð Háskóla­seturs Vestfjarða og horft verði sérstaklega til lagareldis og vettvangsnáms í náttúruvísindum eða náttúru­várfræðum.

Gæðaúttektir kjarnanámsleiðanna haldist jákvæðar og útskriftarhlutfall jafnhátt og hingað til.

Atvinnulíf

10 árum eftir útskrift hafi 10% hlutfall nemenda unnið í tvö ár eða meira á íslenskum vinnumarkaði, eða stundað framhaldsnám á Íslandi.

Áherslan verði á að tengja nemendur við atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum og Íslandi öllu.


Mannauður

Fjöldi kennara og leiðbeinenda sem hafa starfað við skólann verði orðinn um 300 manns.

Til verði sterk mannauðsstefna og starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn Háskóla­seturs Vestfjarða.







UWICELAND

